



12. október 2022

Tilv.: 2209158

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samstöðuaðgerðir vegna verðbólgu og vaxtahækkana

Með tölvupósti dags. 29. september sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu að þingsályktun um samstöðuaðgerðir vegna verðbólgu og vaxtahækkana, 11. mál. Tillögunni er ætlað að fela ríkisstjórninni að grípa til tiltekinna aðgerða til að verja tekjulægri hópa, ungt fólk og barnafjölskyldur fyrir áhrifum verðbólgu, draga úr greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar og sporna við þenslu í hagkerfinu.

Seðlabanki Íslands horfir fyrst og fremst til aðhaldsstigs ríkisfjármála þegar hann mótar afstöðu til tillagna um einstaka tekju- eða útgjaldaliði ríkisfjármála. Í ljósi verðbólguþróunar og viðbragða Seðlabankans við henni, bendir bankinn á að verði farið í aðgerðir til að styðja við heimili landsins sé æskilegt að þær aðgerðir vinni ekki gegn markmiðum peningastefnunnar um að ná niður verðbólgu. Því sé mikilvægt að aðgerðirnar séu ekki almenns eðlis heldur útfærðar þannig að þær taki mið af þörfum þeirra heimila sem í hlut eiga. Þá er einnig mikilvægt að þær séu að fullu fjármagnaðar með öðrum aðgerðum í ríkisfjármálum þannig að þær dragi ekki úr aðhaldi opinberra fjármála.

Að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til þessara tillagna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jónúsdóttir
frankvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Þórarinn G. Pétursson
frankvæmdastjóri
hagfræði og peningastefna

SEÐLABANKI ÍSLANDS